

Niðurstöður úr samráðsgátt

Drög að stefnu um Barnvænt Ísland voru birt almenningi til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda frá 4. júní 2020 til 5. ágúst 2020 (mál nr. 109/2020). Átta umsagnir bárust í gegnum samráðsgátt frá Landssamtökunum Þroskahjálpi, Öryrkjabandalagi Íslands, embætti umboðsmanns barna, Landssambandi ungmennafélaga, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Íslandsdeild alþjóðasamtaka gegn ofbeldi gegn minni máttar, Æskunni barnahreyfingu IOGT á Íslandi og Barnaheillum. Ein umsögn frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar barst eftir að frestur til að skila inn umsögnum rann út en allar umsagnir voru teknar til umfjöllunar. Í kjölfar birtingar í samráðsgátt skipaði félags- og barnamálaráðherra nefnd á vegum stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna sem falið var að vinna áfram stefnu og aðgerðaráætlun um Barnvænt Ísland. Í nefndinni sátu fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, embætti umboðsmann barna og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Við vinnu nefndarinnar var jafnframt ráðist í samráð við börn í samstarfi við embætti umboðsmanns barna og stefnan að endingu lögð fram í formi þingsályktunartillögu síðastliðið vor. Margar athugasemdir voru almennt orðaðar en í stuttu máli eru helstu athugasemdir sem tekið var tillit til eftirfarandi:

1. Stefnunni var skipt upp í stefnu og nánar skilgreinda aðgerðaráætlun sem er tímasett og kostnaðarmetinn með tilgreindum markmiðum, ábyrgðaraðilum og framkvæmdaaðilum.
2. Bætt var við umfjöllun um að öll innleiðing á Barnasáttmálanum tæki mið að réttindum barna samkvæmt öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Ísland, þar á meðal samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
3. Í stefnu og aðgerðaráætlun er ítrekað kveðið á um að taka verði sérstakt tillit til fatlaðra barna og tryggja að réttindi og aðgengi nái til allra hópa barna.
4. Aðgerð um þátttökuvettvang er vísitandi mjög opin og almennt orðuð svo hægt sé að eiga víðtækt samráð við börn við mótun hans og tryggja að hann verði aðgengilegur börnum og falli vel að þörfum allra hópa barna.
5. Fræðsluáðgerðum er jafnframt ætlað að ná til foreldra og forráðamanna barna.
6. Gætt er að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga í öllum aðgerðum.
7. Leitast er við að styrkja og efla fyrirliggjandi innviði til að ná fram skilvirkni í innleiðingu stefnunnar.
8. Stýrihóp stjórnarráðsins í málefnum barna er falið umtalsvert hlutverk við innleiðinguna til að tryggja víðtækt samráð og nálgun þvert á ráðuneyti.

Eins og áður sagði skipaði félags- og barnamálaráðherra nefnd um mótun stefnunnar að loknu samráði svo stefnan tók umtalsverðum breytingum að teknu tillit til samráðs. Þingsályktunartillaga um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála sameinuðu þjóðanna var svo samþykkt á Alþingi 10. Júní 2021.